

Allt í öllu - hlutverk fræðslustjóra 1975-1996

Bókarhöfundar: Börkur Hansen og Ólafur H. Jóhannsson

Bókarheiti: Allt í öllu - hlutverk fræðslustjóra 1975-1996

Gagnrýnandi: Haukur Arnþórsson, stjórnsýslufræðingur

Útgáfa: Háskólaútgáfan, Reykjavík 2010, 204 bls.

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram: „*Það vekur fyrst athygli hvað bókin er létt og skemmtileg aflestrar og hvað samtalsformið kemur vel út. Sennilega er ritstjórnarvinnan sérlega vel heppnuð, en viðmælendurnir eru einnig skemmtilegir og margfróðir. Ég hef á tilfinningunni að „Allt í öllu“ sé mikilvægari bók en stærð hennar og umfang gefur tilefni til að ætla og þótt hún sé fyrst og fremst skólasaga er hún einnig raunsönn samtímasaga og jafnvel stjórnmalasaga.*“

UMBREYTANDI LEIÐTOGAR

„Allt í öllu - hlutverk fræðslustjóra 1975-1996.“ er viðtalsbók við fræðslustjórana sem mest mæddi á við framkvæmd grunnskólalaganna frá 1974, en lögin kváðu á um myndun embættanna. Í henni eru einnig stuttir fræðilegir kaflar sem styðja við umfjöllunarefnið. Það vekur fyrst athygli hvað bókin er létt og skemmtileg aflestrar og hvað samtalsformið kemur vel út. Sennilega er ritstjórnarvinnan sérlega vel heppnuð en viðmælendurnir eru einnig skemmtilegir og margfróðir. Þótt viðmælendur ræði sömu verkefni þá eru samtölin ekki mjög stöðluð og frásagnir þeirra ótrúlega ólíkar þótt þeir séu samstíga um margt. Í einu vefangi er lesandinn kominn til Vesturlands og kynnist Snorra og Borgfirðingunum, þvínæst er hann kominn vestur á Ísafjörð, norður um til Blönduóss eða Norðurlands eystra, þar sem ætíð hefur verið strítt við Reykjavíkurlaldið. Þá er farið austur eða suður um þar sem menn heyja baráttu sína með öðrum aðferðum.

Í orðaforða vestrænnar nútímastjórnsýslu teldist hlutskipti fræðslustjóranna vera „umbreytandi leiðtogar“ og stjórnsýslulega áskorunin í starfi þeirra væri einkum umbreyting (e. transformation). Það kemur líka á daginn að stefnumörkun, sem er á margan hátt besta verkfærið við umbreytingar, nýttist þeim fræðslustjórum vel sem nota slík vinnubrögð. Til að takast á við verkefni sín þurftu þeir að hafa framtíðarsýn, sannfæringarmátt, samningsvilja, persónutöfra og sjá hvernig hið smáa fellur að heildarmyndinni, svo fáein einkenni leiðtogans séu tilgreind. Stjórnsýsla snýst meðal annars um það hvernig orð og tölur á blaði verða að veruleika, breyta heiminum og bæta. Þá er framkvæmdin oft mikilvægari en umgjörðin sjálf í starfsemi hins opinbera. Framkvæmdin var ekki síst á hendi fræðslustjóranna og frá því segja þeir.

Við setningu grunnskólalaganna má segja að nútímalegt skólahald hafi verið staðreynd í stærri bæjarfélögum, svo sem í Reykjavík, á Akureyri og í Hafnarfirði. Staðan skóla í strjálbýli var hins vegar víða veik, enn störfuðu sjö mánaða skólar og farskólar. Í þeim skólum vantaði víða upp á fjölbreytni og kennslumagn var langt frá því sem nú þykir boðlegt. Hlutverk fræðslustjóranna var ekki síst að jafna aðstöðu barna án tillits til búsetu. Þeir voru þannig að nokkru leyti umboðsmenn barna, eins og einn þeirra nefnir. Þótt endurnýjun húsnæðis hafi víða verið komin á rekspöl fyrir tíma grunnskólalaganna var á gildistíma þeirra lyft grettistaki í allri ytri umgjörð skólastarfs um allt land.

Innra starf skólanna tók þó einna mestum stakkaskiptum á þessum tíma og var það ekki síst verkefni fræðslustjóranna. Í fyrsta lagi varð námsframboð víða um land fjölbreyttara en áður hafði þekkt. Í öðru lagi eflidist stuðningur við börn sem höfðu sérþarfir og þau voru tekin inn í skólana í anda hugmyndafræðinnar „skóli fyrir alla“. Í þriðja lagi jókst fagþekking kennara verulega. Þessi verkefni endurspegla leiðtogahlutverk fræðslustjóranna einna best, þau fólu í sér svo umtalsverðar endurbætur í skólustarfsemi að líkja má við byltingu. Fagmennska og sérhæfing skólafólks jókst að sama skapi, meðal annars fyrir þeirra tilstilli. Allt leiddi þetta af sér jafnari og betri námstækifæri til handa börnum landsins.

Það er rétt að nefna að réttindabarátta barna sem skera sig úr með einhvers konar fötlun er lýðræðisbáttar. Á sama tíma og fræðslustjórnir unnu brautryðjendastarf sitt hér heima, án þess hafa mikil tengsl við útlönd að því er virðist, þá fylgdu þeir þróun sem átti sér stað í nágrennaríkjunum þar sem hagsmunasamtök fatlaðra einstaklinga voru að eflast og nýjar fræðigreinar og hugmyndir, s.s. fötlunarfræði og um rétt minnihluta, þróuðust og náðu hylli almennings. Þannig var skólafélag grunnskólalaganna og framkvæmd hennar hjá fræðslustjórunum hluti af alþjóðlegri breytingu, sem gekk vel hér á landi og Íslendingar urðu ekki eftirbátar annarra í þessu ljósi, ekki síst fyrir þeirra tilstilli.

Bókin vekur upp vangaveltur stjórnsýslufræðinnar um samspil miðlægra og dreifðra lausna. Allt of oft er þessu stillt upp sem andstæðum valkostum og ekki síst eftir tilkomu nýskipanar í ríkisrekstri sem lagðist á sveif með dreifstýringu að hætti NPM (New Public Management). Rekstrarform fræðsluskrifstofanna og starfsemi bar hvoru tveggja vitni en fræðslustjórarnir voru miðlægt vald en dreifðu jafnframt valdi. Litlu skólarnir nutu góðs af miðlægri þjónustu fræðsluskrifstofanna, en nutu dreifstýrðs valds eftir því sem þeir réðu við. Margir stjórnsýslufræðingar minna á að dreift vald og miðlægt séu samhliða ferlar sem vinni best saman. Saga fræðslustjóranna gæti verið því til stuðnings.

Bókin vekur upp pólitískar spurningar sem þó eru ekki gerðar að umtalsefni, ekki síst um byggðaðþróunina sem varð þrátt fyrir starf fræðslustjóranna og einkum eftir að þeirra naut ekki lengur við. Má setja þá spurningu fram hvort hugsanlega hefði mátt draga úr búferlaflutningi með tilkomu stjórnsýslulegs millistigs, einhvers konar héraðsstigs milli sveitarfélaga og ríkis, sem hefði styrkt byggðakjarna, en fræðslustjórarnir voru vissulega vísir að slíku. Getur verið að eðlilegast hefði verið að leyfa sveitarfélögunum að vera áfram smáum?

Þessi bók er fróðleg og skemmtileg. Margt í henni vísar langt út fyrir umfjöllunarefni hennar og hún vekur til umhugsunar um mikilvæga tíma í Íslandssögunni, þegar svo margt mótaðist og breyttist og sem enn hefur lítið verið skrifað um. Ég hef á tilfinningunni að „Allt í öllu“ sé mikilvægari bók en stærð hennar og umfang gefur tilefni til að ætla og þótt hún sé fyrst og fremst skólasaga er hún einnig skemmtileg samtímasaga og jafnvel stjórn málasaga.